



Akraneskaupstaður

Mennta- og menningarmálaráðuneyti
b.t. Illuga Gunnarsson ráðherra
Sölvhólgötu 4
150 Reykjavík

Akranesi, 24. nóvember 2016
1611099 RÁ/sas

Efni: Fjármagn til tækjakaupa Fjölbrautarskóla Vesturlands á Akranesi.

Á fundi bæjarráðs Akraness, sem haldinn var þann 24. nóvember síðastliðinn, var fjallað um erindi Fjölbrautarskóla Vesturlands um framlag til tækjakaupa fyrir skólann.

Bæjarráð samþykkti að veita 1 mkr. til tækjabúnaðar fyrir árið 2017 vegna þeirra miklu þörf sem skólinn stendur frammi fyrir í endurnýjun tækja. Bæjarráð tekur undir orð Ágústu Elínar Ingbórsdóttur skólameistara Fjölbrautarskóla Vesturlands í erindi sínu til Akraneskaupstaðar um mikilvægi þess að efla iðn og tæknimenntun á Íslandi og telur bæjarráð brýnt að Fjölbrautarskóli Vesturlands fái nægt fjármagn í fjárlögum til að endurnýja nauðsynlegan tækjabúnað. Iðngreinar eru mikilvæg stoð í atvinnulífinu á Vesturlandi og nauðsynlegt að búa starfsfólki og nemendum góða aðstöðu og nauðsynleg tæki.

Fyrir hönd Akraneskaupstaðar,


Regína Ásvaldsdóttir
bæjarstjóri

Afrit: Ágústa Elín Ingbórsdóttir skólameistari FVA.